

8. desember, 2023

Þann 1. janúar 2024 færist innheimta meðlaga frá Innheimtustofnun sveitarfélaga til Sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Frá þeim tíma verður vefurinn *medlag.is* lagður niður og þar með *Mínar síður* þar sem hægt hefur verið að senda inn skilgreinar. Upplýsingar verða þess í stað á vefnum *syslumenn.is* m.a. varðandi breytingar á skilgreinum.

Í janúar og febrúar verður ekki hægt að skila skilgreinum rafrænt. Á þeim tíma þarf að senda skilgreinar á netfangið medlag@syslumenn.is (hægt er að nota eyðublað sem er á *syslumenn.is*).

Bankareikningur til að greiða inn á vegna meðlaga verður 0161-26-000049, kt. 660914-0990.

Símanúmer Sýslumannsins á Norðurlandi vestra er 458 2500 og netfangið medlag@syslumenn.is.

Fyrirliggjandi kröfur frá Innheimtustofnun sveitarfélaga um launaafdrátt gilda áfram án breytinga þar til tilkynnt verður um annað.

Minnt er á að væntanlega mun upphæð meðlags breytast um áramót eins og verið hefur.

Með óskum um áframhaldandi góða samvinnu.

Ómar Valdimarsson
Forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Birna Ágústsdóttir
Sýslumaður á Norðurlandi vestra